



Árshlutareikningur Bygðastofnunar janúar – júní 2014

Árshlutareikningur Bygðastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2014, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 22. ágúst 2014.

Hagnaður tímabilsins nam 75,3 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 16,36% en var 16,0% í lok árs 2013.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Bygðastofnunar janúar – júní 2014

- Hagnaður tímabilsins nam 75,3 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 16,36% en skal að lágmarki vera 8%
- Hreinar vaxtatekjur voru 172,7 milljónir króna eða 41,6% af vaxtatekjum, samanborið við 221,3 milljónir króna (42,0% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2013.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 204,9 milljónum króna samanborið við 176,9 milljónir á sama tímabili 2013.
- Eignir námu 14.506 milljónum króna og hafa lækkað um 366,0 milljónir frá áramótum. Þar af voru útlán og fullnustueignir 11.087 milljónir.
- Skuldir námu 12.129 milljónum króna og lækkuðu um 441,3 milljónir frá áramótum.
- Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 20,4 milljónum króna.

Um árshlutauppgjörið

Hagnaður tímabilsins nam 75,3 milljónum króna. Skýrist hagnaður tímabilsins fyrst og fremst á lægri framlögum á afskriftarreikning útlána og matsbreytingu hlutabréfa.

Eiginfjárlutfall Bygðastofnunar var 16,36% í lok tímabilsins.

Horfur

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum



með útgáfu viðauka. Dómur féll þar 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Bygðastofnunar og hefur dómnum verið áfrýjað og er von á niðurstöðu Hæstaréttar á síðari hluta ársins 2014. Veðandlag hins umdeilda láns var selt á nauðungarsölu í apríl 2014 og hefur stofnunin fengið kröfu sína greidda að fullu. Uppreiknuð lán stefnanda námu 213 milljónum króna en verði fallist á kröfur hans munu þau lækka um allt að 50%. Samsvarandi útlán hjá stofnuninni nema að kröfuvirði 512,4 milljónum króna. Ekki hefur verið fært sérstakt varúðarframlag á afskriftarreikning vegna þessa. Að mati lögmanns Bygðastofnunar benda dómur Hæstaréttar, sem fallið hafa í sambærilegum málum (sbr. t.d. Hrd. 498/2013), eindregið til þess að Bygðastofnun verði sýknuð.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi

	30.06.2014	2013	30.06.2013	2012	30.06.2012	2011
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur						
Vaxtatekjur	414.984	998.367	527.278	1.239.328	708.972	1.325.644
Vaxtagjöld	242.244	561.002	305.975	645.570	391.543	685.712
Hreinar vaxtatekjur	<u>172.741</u>	<u>437.365</u>	<u>221.303</u>	<u>593.758</u>	<u>317.429</u>	<u>639.933</u>
Rekstrartekjur	302.075	559.846	295.416	193.296	67.542	319.051
Hreinar rekstrartekjur	<u>474.815</u>	<u>997.211</u>	<u>516.719</u>	<u>787.054</u>	<u>384.971</u>	<u>958.983</u>
Rekstrargjöld	399.508	808.294	332.476	939.827	591.411	1.194.695
Hagnaður (-tap)	<u>75.307</u>	<u>188.917</u>	<u>184.243</u>	<u>-152.773</u>	<u>-206.439</u>	<u>-235.712</u>
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	-13.380	50.960	-79.661	444.940	338.957	710.772
Efnahagsreikningur	30.06.2014	31.12.2013	30.06.2013	31.12.2012	30.06.2012	31.12.2011
Eignir						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	2.393.656	2.421.208	2.455.461	2.213.327	2.200.814	2.464.230
Útlán	11.086.999	11.570.492	12.551.315	13.421.549	13.861.641	14.214.991
Eignahlutir í félögum	910.838	809.599	758.165	763.001	810.267	881.276
Aðrar eignir	114.779	71.009	81.680	340.102	86.598	89.266
Eignir samtals	<u>14.506.272</u>	<u>14.872.307</u>	<u>15.846.621</u>	<u>16.737.980</u>	<u>16.959.319</u>	<u>17.649.763</u>
Skuldir og eigið fé						
Lántökur	11.962.190	12.458.421	13.313.677	14.549.688	14.904.163	17.137.891
Aðrar skuldir	166.336	111.448	235.180	74.769	245.301	245.578
Skuldir samtals	<u>12.128.526</u>	<u>12.569.868</u>	<u>13.548.857</u>	<u>14.624.458</u>	<u>15.149.464</u>	<u>17.383.468</u>
Eigið fé	2.377.746	2.302.439	2.297.765	2.113.522	1.809.856	266.295
Skuldir og eigið fé	<u>14.506.272</u>	<u>14.872.307</u>	<u>15.846.621</u>	<u>16.737.980</u>	<u>16.959.319</u>	<u>17.649.763</u>
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	20.360	22.552	70.956	216.398	226.019	218.330
Sjóðstreymi	30.06.2014	2013	30.06.2013	2012	30.06.2012	2011
Handbært fé frá rekstri	224.716	787.953	394.668	638.876	366.203	707.231
Fjárfestingarhreyfingar	257.989	324.400	200.071	617.252	232.024	224.635
Fjármögnunarhreyfingar	-510.256	-904.473	-352.606	1.507.030	-861.644	-343.495
Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé	<u>-27.551</u>	<u>207.880</u>	<u>242.134</u>	<u>-250.903</u>	<u>-263.416</u>	<u>588.371</u>
Handbært fé í ársbyrjun	2.421.208	2.213.327	2.213.327	2.464.230	2.464.230	1.875.859
Handbært fé í lok tímabils	<u>2.393.656</u>	<u>2.421.208</u>	<u>2.455.461</u>	<u>2.213.327</u>	<u>2.200.814</u>	<u>2.464.230</u>
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	16,36%	16,00%	14,92%	12,55%	10,12%	1,34%